



Félagsfræði, 6. Bekkur.

Námsáætlun skólaárið 2022-2023

Félagsfræði er stór og víðfeðm fræðigrein sem lætur sér ekkert mannlegt óviðkomandi, samfélagið er á stöðugri hreyfingu og breytist hraðar nú um stundir en tíðkast hefur í gegnum söguna. Hugtök og hugmyndafræði breytast hratt og má taka sem dæmi samfélagsmiðla sem hafa haft gífurleg áhrif á samfélagið sem og knýjandi viðfangsefni samfélaga eins og loftlagsmál, Covid, ófriður og annað sem hefur áhrif á samfélagið og fólkið sem þar býr. Í vetur verður haldið áfram að fjalla um viðfangsefni félagsfræðinnar einnig verður fjallað um meginkenningar og frumkvöðla félagsfræðinnar og hugmyndir þeirra um samfélagið. Farið verður í rannsóknaraðferðir félagsvísinda og munu nemendur vinna tvö rannsóknarverkefni í vetur, annað í hóp en hitt sem einstaklingar. Eftir áramót verður fjallað um kynjafræði og afbrotufræði

Kenndar verða 4 kennslustundir í viku og fer kennsla fram með verkefnavinnu, umræðu, innlögnum kennara og nemenda, tímaverkefnum og fleira. Auk minni verkefna munu nemendur vinna tvö stærri rannsóknarverkefni undir handleiðslu kennara.

Markmiðið er að nemendur;

þjálfist í að fjalla um félagsleg málefni

geti gert grein fyrir helstu kenningum félagsfræðinnar og skilji hvernig kenningaleg nálgun tengist viðfangsefnum og aðferðum félagsfræðirannsókna

geti beitt kenningum um samfélagið við túlkun og greiningu á samfélaginu og samfélagslegum málefnum.

þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu

geti skipulagt og framkvæmt einfaldar félagsfræðirannsóknir og komið niðurstöðum þeirra á framfæri á vandaðan hátt.

Námsefni:

Vefbók: Félagsfræði, ég við og hin. Höfundur: Hrafnkell Tumi Kolbeinsson.

<https://vefbok.is/eg-vid-og-hin/>

Klárur bókina frá og með kafla 14. Bókin verður áfram notuð í verkefnavinnu og farið dýpra í það efni sem við á.

Vefbók í kynjafræði. Höfundar: Björk Þorgeirsdóttir og Þórður Kristinsson

<https://vefbok.is/kynjafraedi/>

Annað efni frá kennara

Farið verður í helstu kenningar félagsfræðinnar; samvirknikenningar, áttakakenningar, samskiptakenningar

Heilsufélagsfræði

Kynjafræði

Afbrotafræði

Námsmat:

3 kaflapróf 36% (12% hvert)

Rannsókn/verkefni á haustönn, meginleg rannsókn 20% (hópverkefni, kennari velur í hópa)

Mæting, þátttaka í tímum og skil á minni verkefnum yfir veturinn 44%

(verkefnaskil fara að jafnaði fram í INNU og því mikilvægt að nemendur skili verkefnum innan gefins tímaramma, einnig er mikilvægt að nemendur komi undirbúnir í tíma til að geta tekið þátt á virkan hátt)

Eigindleg rannsókn: Lokaverkefni í félagsfræði gildir 25% af lokaprófi

Nemendur taka ekki jólapróf og er jólaprófseinkunn meðaltal af tveimur kaflaprófum og rannsóknarverkefni haustannar.

Nemendur taka stúdentspróf að vori en hluti af því er eigindleg rannsókn

Eigindlega rannsókn 25%

Próf 75%

Lokaeinkunn er meðaltal af stúdentspróf (rannsókn + próf) og námseinkun (kaflapróf, meginleg rannsókn, þátttaka, mæting og verkefni í tímum)

Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

